

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, iðnaðarsvæði á Helligheiði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, frá 4. janúar 2005.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Iðnaðarsvæði austan Lambafellshnjúka stækkar til austurs og breiðkar að þjóðvegi 1 og verður 41,2 ha í stað 27,9 ha.
- Óbyggt svæði undir Hverahlíð sunnan þjóðvegur 1 breytist í iðnaðarsvæði.
- Óbyggt 2000 m<sup>2</sup> svæði austan Hamragilsvegur um 500 m frá þjóðvegi 1 breytist í verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 16. september 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*